



Morgunkorn og aðalfundur Upplýsingar og *Bókasafnsins*
á Grand Hótel Reykjavík 27. ágúst 2020

Menntun í upplýsingafræði: Staða, væntingar og horfur

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

https://is.wikipedia.org/wiki/J%C3%B3hanna_Gunnlaugd%C3%B3ttir



Umfjöllun í dag

- Staða
- Væntingar og horfur
- Umræður



Nemendur og kennarar

- Nemendur
 - MIS 46
 - MA 7
 - Viðbótardiplóma 41
 - BA 3
 - PhD 2
- Tveir fastir kennarar
- Stundakennarar sem kenna heil námskeið eða námskeið að stórum hluta, gætu verið sex eða fleiri
- Kennarar sem koma inn í námskeið til þess að kenna einstakar kennslustundir, eina eða fleiri
- Kennarar sem taka á móti nemendum í vettvangsnám og/eða heimsóknir á vinnustöðum



Námsleiðir

- Viðbótardiplóma á meistarastigi – 60 einingar
- MIS-nám – 120 einingar
- MA-nám – 120 einingar
- Doktorsnám – 210 einingar



Námsleiðir og kjörsvið

Viðbótardiplóma á meistarastigi:

- Stjórnun og stefnumótun (ÁP)
- Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum (RKH)
- Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun (ÁP)

MIS-nám:

- Stjórnun og stefnumótun (ÁP)
- Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum (RKH)
- Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun (ÁP)

MA-nám:

- Stjórnun og stefnumótun (ÁP)
- Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum (RKH)
- Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun (ÁP)



MIS-nám: Sömu skyldunámskeið í kjörsviðunum þremur

Haustmisseri 2020

Skyldunámskeið:

- UPP-442L MIS-ritgerð í upplýsingafræði, 30e
- UPP-215F Internetið og upplýsingaleitir, 8e
- UPP-103F Upplýsingafræði og miðlun í samfélagi margbreytileikans, 8e
- UPP-101F Skráning upplýsinga og lýsigögn, 8e
- UPP-104F Málstofa meistaranema I, 2e
- UPP-105F Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum, 8e

Bundið val:

- FOM-001F Meginleg aðferðafræði, 10e
- FOM-102F Eigindlegar rannsóknaraðferðir I, 10e

Vormisseri 2021

Skyldunámskeið:

- UPP-442L MIS-ritgerð í upplýsingafræði, 30e
- UPP-110F Vefstjórnun og upplýsingaarkitektúr, 8e
- UPP-216F Þekkingarmiðlun, 8e
- UPP-202F Skipulagning þekkingar, 8e
- UPP-204F Stjórnun og stefnumótun, 8e
- UPP-208F Málstofa meistaranema II, 2e
- UPP-209F Stjórnun þekkingar og gæða, 8e

Skylda 114e – val 6e

Námskeið eru kennd í stað- og fjarnámi
Minna um staðnám á Covid-19-tímum



Valnámskeið í upplýsingafræði

- UPP111F Vettvangsnám I, 2e
- UPP302F Vettvangsnám II, 2e
- UPP003F Söfn á Íslandi, 6e
- UPP004F Söfn erlendis, 6e
- UPP206F Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn:
Hlutverk, starfsemi og þjónusta, 2e



MA-nám

- Nemendur hafa BA í upplýsingafræði og hafa þegar lokið skyldunámskeiðum
- Taka því námskeið utan námsbrautar sem styðja við meistararannsókn og lokaritgerð
 - Dæmi: Stjórnun stofnana/fyrirtækja, mannauðsstjórnun, verkefnisstjórnun, gæðastjórnun, stjórnsýsluréttur, upplýsingalög, persónuverndarlög, safnafræði, gagnasafnsfræði, forritun
- Sjálfstætt fræðilegt rannsóknarnám sem lýkur með veigamikilli ritgerð, 40-60e
- Námskeið í rannsóknaraðferðum og kenningum utan námsbrautar í upplýsingafræði



Heilbrigðisgagnafræði við Læknadeild

- Fagháskólanám í heilbrigðisgagnafræði er 90 eininga fræðilegt og starfstengt nám sem veitir réttindi til þess að starfa sem heilbrigðisgagnafræðingur
- Námið er skipulagt sem 60 eininga fræðilegt nám í hlutanámi í tvö ár, og í framhaldi af því er 30 eininga starfsnám sem fram fer á heilbrigðisstofnun



Heilbrigðisgagnafræði – þrjú námskeið innan upplýsingafræði

- Námskeiðin þrjú, sem merkt eru skyldunámskeið í Kennsluskrá HÍ, eru byggð á námskeiðum í upplýsinga- og skjalastjórn innan námsbrautar í upplýsingafræði
- Aðlöguð námi á grunnstigi svo og þörfum sem tengjast störfum á heilbrigðisstofnunum/-fyrirtækjum, heilsustofnunum/-fyrirtækjum og tengdum aðilum
- UPP101G Stjórnun upplýsinga- og skjala, 5e
- UPP201G Skjalastjórn þekkingar- og gæðaferla, 5e
- UPP401G Upplýsingaöryggi og persónuvernd, 5e



Fjöldi umsókna fyrir háskólaárið 2020-2021 eftir kjörsviðum (1/3)

- Viðbótardiplóma á meistarastigi
 - Stjórnun og stefnumótun 3
 - Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum 13
 - Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun 5



Fjöldi umsókna fyrir háskólaárið 2020-2021 eftir kjörsviðum ^(2/3)

- MIS-nám
 - MIS-nám án þess að kjörsvið sé tilgreint 8
 - Stjórnun og stefnumótun 1
 - Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum 13
 - Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun 4



Fjöldi umsókna fyrir háskólaárið 2020-2021 eftir kjörsviðum (3/3)

- MA-nám
 - Stjórnun og stefnumótun 0
 - Upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum 2
 - Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun 0



Heilbrigðisgagnafræði

- Umsóknartölur fyrir háskólaárið 2020-2021
– 63



Stuðningur og samvinna við fagaðila um uppbyggingu náms

- Einkum Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Upplýsingu: Félag bókasafns- og upplýsingafræða og Félag um skjalastjórn
- Hinn 6. júní 2013 var haldinn fundur forseta Félagsvísindasviðs og Félags- og mannvísindadeildar með formönnum fagfélaga og þar m.a. ákveðið að staðið yrði, ásamt félögunum, að málþingi um framtíðaruppbyggingu námsins
- Málþingið var haldið í Háskóla Íslands 22. nóvember 2013
- Bréf frá stjórn Félags um skjalastjórn dags. 6. apríl 2020



Bréfið frá stjórn Félags um skjalastjórn ^{1/3}

- Forseti Félagsvísindasviðs, forseti Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar svo og kennarar í upplýsingafræði fengu bréfið
- Efnisleg og réttmæt gagnrýni
- Aðstoð og samráð um endurskoðun námsins boðin fram



Bréfið frá stjórn Félags um skjalastjórn ^{2/3}

- Þörf á að skilja betur á milli kjörsviða í MIS-námi – nú er boðið upp á sömu skyldunámskeið í öllum kjörsviðunum þremur
- Fjölga þyrfti valnámskeiðum og fækka skyldunámskeiðum – stuðla að meiri sérhæfingu



Bréfið frá stjórn Félags um skjalastjórn ^{3/3}

- Tölvunarfræðitengt nám yrði hannað með þarfir verðandi skjalastjóra/upplýsingafræðinga í huga
- Þörf fyrir að auka hagnýtt/verklegt nám
- Og ýmislegt fleira
- Rýnihópur sérfræðinga



Áherslur ...

- Setja þarf fram skýra stefnumörkun fyrir námið í heild
- Ráða þarf fleiri fasta kennara
 - Hverja? Hvað eiga þeir að kenna? Hvers konar námskeið vantar? Hvað með kenningar, aðferðafræði og söglulega nálgun? Hvað með safnategundir; skólasöfn, sérfræðisöfn o.fl.?
- Fara þarf í hnitmiðaða markaðssetningu
- Kanna þarf hvað gert er og kennt í erlendum háskólum
 - Gleyma þó ekki að leggja mesta áherslu á það sem skiptir máli í íslensku samfélagi og hvað því kemur til góða



Áherslur ...

- Draga þarf úr skörun kennsluefnis í námskeiðum
- Auka þarf starfsnám á vettvangi
- Draga þarf úr fyrirlestrafjölda en auka umræðu- og verkefnatíma
- Gefa þarf nemendum meira svigrúm til þess að kynna verkefni sín
- Koma þarf á móts við tillögur nemenda og fagfélaga um meiri kennslu á tæknilegu þættina
 - Bjóða þyrfti upp á tölvunámskeið sem tengjast beint þeim upplýsingakerfum sem upplýsingafræðin notast við




Áherslur ...

- Koma þarf til móts við ábendingar nemenda og fagfélaga um að greina á milli sérhæfingarleiða (kjörsviða)
- Gefa þarf nemendum kost á að velja tiltekin námskeið innan námsins sem henta því kjörsviði sem þeir hafa valið
 - Hafa þarf meira val en minni skyldu innan náms í upplýsinafræði
 - Lögverndað starfsheiti – lög um bókasafnsfræðinga nr. 97/1984



Áherslur ...

Styrkja þarf fjarnámið til muna – ekki sé einungis um að ræða upptökur og það að setja kennslufni á heimasíður námskeiða í Uglunni. Kennslan þyrfti að byggjast mun meira á samvinnu kennara og nemenda í gagnvirku, rafrænu kennsluumhverfi.





Áherslur ... síðast en ekki síst

- Stjórnendur Háskóla Íslands þurfa að gera sér grein fyrir mikilvægi upplýsingafræði í nútímasamfélagi
- Þeir þurfa að gefa náminu gaum og styðja við það þannig að það geti dafnað og þróast í samræmi við kröfur starfa og atvinnulífs á hverjum tíma
- Þeir þurfa að opna augun fyrir því að mikil þörf og markaður er fyrir störf á sviðinu
- Námið þarf að vera í stöðugri þróun til þess að hægt sé að mæta þörfum samfélagsins



Tækifærin aldrei fleiri (1/2)

- Upplýsingaöryggi/-brestur, aðgerðir og stjórnun áhættu
- Upplýsingaöryggi og fjarvinna meðal annars á Covid-19-tímum
- Breytt hlutverk bókasafna, upplýsingamiðstöðva og menningarmiðstöðva
- Mikilvægi skólasafna um að auka áhuga barna og ungmenna á lestri



Tækifærin aldrei fleiri (2/2)

- Upplýsingagjöf stjórnvalda, upplýsingalög
- Upplýsingagjöf stjórnvalda varðandi Covid-19 (góð, léleg, leynd)
- Upplýsingalæsi, upplýsingaóreiða, falsfréttir
- Persónuvernd og GDPR
- Varðveisla og notkun þekkingar hjá skipulagsheildum
- Og fleira og fleira ...



Umræður

- Hvað finnst ykkur?
- Komið endilega með tillögur og spurningar